

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella

Ársfundur 2020 v. 2019

Fundargerð

Fundarstaður : Stracta Hótel, Hella.

Fundartími : Miðvikudagur 13. maí 2020, kl. 20.00.

Heimir Hafsteinsson, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Rangæinga, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn formlega. Bar upp tillögu þess efnis að hann tæki að sér að stjórna fundinum og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Mætt: Heimir Hafsteinsson formaður stjórnar, Óskar Pálsson stjórnarmaður, Eydís Þ. Indriðadóttir stjórnarmaður, Guðrún Elín Pálsdóttir stjórnarmaður, Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Árni Þorgilsson endurskoðunarnefndarmaður, Már Guðnason, Kristján Pálmason, Hilmar Harðarson, Árni Baldursson, Pálína Árnadóttir endurskoðandi, Haraldur Y. Pétursson og Unnur Elín Jónsdóttir.

Gengið til dagskrár. Heimir Hafsteinsson stýrði fundi.

Fundarefni:

1. Skýrsla stjórnar

Hrein eign sjóðsins í árslok 2019 til greiðslu lífeyris nam 14.277 milljónir kr. og hækkaði frá fyrra ári um 1.886 milljónir kr. eða um 15,2%.

Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2019 var 11.163. Alls greiddu að meðaltali 1.150 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu en var að meðaltali 1.077 árið 2018.

Iðgjöld á árinu 2019 námu alls um 860,1 millj.kr. og hækkuðu um 12,5% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur ársins námu um 315,8 millj.kr., sem er 10,8% aukning frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 767 árinu en voru 731 árið 2018.

Rekstrarkostnaður ársins nam 36,7 millj.kr., sem er um 4,3% af iðgjaldtekjum ársins og ef miðað er við hreina eign til greiðslu lífeyris þá er hlutfall rekstrarkostnaðar um 0,3% sem er svipað kostnaðarhlutfall og hefur verið á undanförunum árum.

Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2019 var 7,72% samanborið við 2,56% raunávöxtun 2018 og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt hafa aukist nokkuð á undanförunum árum og eru nú 19,36% af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haldið sig við áður markaða stefnu að auka vægi erlendra eigna í sínu eignasafni með jöfnum skrefum.

Á síðasta ársfundi sjóðsins voru staðfestar breytingar á samþykktum sjóðsins sem snúa að stjórnskipulagi sjóðsins og m.a. að starfi fulltrúaráðs. Fulltrúaráð hefur komið saman tvisvar á starfsárinu, á haustfundi og aftur nú í apríl á vorfundi, í ljósi aðstæðna var vorfundur haldinn með aðstoð fjarfundarbúnaðar og tókst það vel. Þátttaka á fundunum hefur verið ágæt en gera má betur. Verkefnið framundan er að efla starf fulltrúaráðs og þar með að efla innra starf sjóðsins til framtíðar. Í þessu samhengi má líka nefna starf launaneftdar, en það er nú í fyrsta sinn sem að launaneftnd sjóðsins leggur fram tillögu að launum stjórnar. Þessi breyting kemur sömuleiðis inn með breyttum samþykktum á síðasta ársfundi.

Almennt hefur starfsemi og rekstur sjóðsins gengið vel á liðnu ári. Stjórn sjóðsins fundaði með formlegum hætti alls 11 sinnum á starfsárinu.

Innri endurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2019 og er niðurstaðan sú að innra eftirliti sjóðsins er að hluta ábótavant varðandi þá þætti sem komu til skoðunar. Unnið er að úrbótum.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2019 liggur fyrir. Tryggingafræðileg staða sjóðsins lagast nú á milli ára. Munar þar helst um aukin iðgjöld og fjölgun nýrra sjóðfélaga. Vægi þeirra sem ávinna sér réttindi samkvæmt aldurstengdri leið eykst á meðan hlutur jafnrar ávinnslu minnkar. Skilar hagstæðari og eðlilegri niðurstöðu í tryggingafræðilegri úttekt. Staðan hefur því lagast á undanförunum árum, þrátt fyrir lengingu lífaldurs og aukningu skuldbindinga. Eignir eru umfram skuldbindingar á öllum stöðum þ.e. sjóðurinn á fyrir áunnum skuldbindingum, framtíðar- og heildarskuldbindingum. Þetta er staða sem við höfum ekki séð um langt skeið.

Árið 2019 var hagfelld fyrir sjóðinn en ljóst er að miklar breytingar og óvissa er nú uppi á árinu 2020 í ljósi þess ástands sem er og kennt er við Covid 19. Gera má ráð fyrir breytingu á innflæði iðgjalda og erfiðum aðstæðum á mörkuðum. En við spyrjum að leikslokum og vonum að við og allir sem við eigum viðskipti við náum að halda sjó og að við vinnum okkur í gegnum þetta ár 2020, þetta fordæmalaus ári.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Pröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram ársreikning ársins 2019 og Pálína Árnadóttir kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður eru í þús. Kr. :

Iðgjöld	860.061
Lífeyrir	315.765
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	838
Fjárfestingartekjur	1.421.194
Fjárfestingargjöld	47.195
Rekstrarkostnaður	36.741
Breyting á hreinni eign á árinu	1.886.349
Hrein eign frá fyrra ári	12.390.194
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	14.276.543

Pálína Árnadóttir kynnti ársreikning 2019, hrein raunávöxtun hækkar á milli ára og er um 7,7% á árinu 2019 samanborið við 2,6% árið áður. Skýrist þetta fyrst og fremst af því að hlutabréfamarkaðir voru með mjög góða ávöxtun á árinu. Hækkun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris á árinu er 1.886,3 mkr. og í árslok 2019 er hrein eign til greiðslu lífeyris 14.276,5 mkr. Raunhækkun hreinnar eignar á árinu er 10,53% og hækkar milli ára um 4,46% sem skýrist meðal annars af minni verðbólgu en hún nam 2,67% árinu 2019 en 3,25% á árinu 2018 ásamt góðri ávöxtun á árinu 2019. Iðgjaldaliðir hækkuðu um 98 mkr. milli ára. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 1150, sem hefur áhrif á hækkun iðgjaldaliða. Einnig hefur áhrif að launavísitala hækkaði á milli ára. Meðalfjöldi virkra lífeyrisþega var 767 á árinu 2019 samanborið við 731 lífeyrisþega á árinu 2018 sem er fjölgun. Liðurinn hækkar í takt við fjölda lífeyrisþega þegar tekið er tillit til hærri launavísitölu. Fjárfestingartekjur hækka um 672 mkr. frá árinu 2018. Munar þar mestu um gangvirðisbreytingar eignarhluta í félögum og sjóðum sem hækkar virði bréfanna. Fjárfestingagjöld hækka um 14 mkr. á milli ára. Stærsti hluti fjárfestingagjalda er umsýsluþóknun sem sjóðurinn greiðir til Arion banka en 75% af umsýsluþóknun er færð meðal fjárfestingagjalda, önnur fjárfestingagjöld eru óveruleg. Skrifstofu og stjórnunar kostnaður hækkar á milli ára um 74 þúsund eða 25% af umsýsluþóknun sem greidd er til Arion banka er flokkuð meðal rekstrarkostnaðar. Á móti þeirri hækkun er lækkun í sérfræðikostnaði en aðrar breytingar eru minni. Eignarhlutar í félögum og sjóðum hækkuðu um 1330 mkr. á milli ára eða um 37 mkr. Mesta hækkunin

var í erlendum hlutdeildarskírteinum sem hækkuðu um tæpar 990 mkr. milli ára. Skuldabréfaeign sjóðsins hækkar um 747 mkr. Stærstu breytingarnar eru í skuldabréfum með ábyrgð

fjármálafyrirtækja og annarra verðbréfa. Bankainnstæður sem eru flokkaðar meðal fjárfestinga hækka um tæpar 13 mkr. á milli ára. Handbært fé breytist mikið milli ára eftir innlausn eigna og þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðnum til boða hverju sinni. Handbært fé lækkar um 216 mkr. milli ára og stendur í 399 mkr. í árslok 2019. Breytinguna á inngreiðslum má einkum rekja til fjölgunar sjóðfélaga og almennra launahækkana á árinu. Breytinguna á útgreiðslu má rekja meðal annars til fjölgunar lífeyrisþega og hækkunar á umsýslukostnaði Varðandi fjárfestingahreyfingar þá hefur sjóðurinn verið að fjárfesta meira á árinu en hann hefur selt. Keypt var fyrir 2,8 milljarða en selt fyrir 1,5 milljarða Þegar tekið hefur verið tillit til afborgana og vaxta skuldabréfa og inngreiddra tekna eignarhluta þá eru útgreiðslur vegna fjárfestinga um 707 mkr. Þar sem fjárfestingar hreyfingar ársins eru hærri en ráðstöfunarfé til fjárfestinga á árinu skilar það sér í lækkun á handbæru fé í árslok.

Óleiðréttar skekkjur. Allar skekkjur sem komu upp við endurskoðunina hafa verið leiðréttar í reikningsskilum félagsins að undanskyldum þeim skekkjum sem fjallað er um á bls. 18. Óleiðréttar skekkjur eru ekki til þess fallnar að hafa áhrif á álit okkar á ársreikning sjóðsins. Rekstrarhæfi Framtíð sjóðsins byggir á tryggingafræðilegum forsendum um jafnvægi eigna og skuldbindinga. Sé ójafnvægi milli þessara liða kveða lög á um að skerða verði réttindi til að ná jafnvægi. Áframhaldandi starfsemi sjóðsins byggir á þessum forsendum. Í árslok 2019 eru eignir sjóðsins 0,3% umfram skuldbindingar. Á áritunardegi 21.04.2020 er ekkert sem bendir til þess að rekstrarhæfi sjóðsins sé ógnað næstu 12 mánuðina.

Hilmar spurði: hver er tryggingastærðfræðingur sjóðsins ?

Þróstur svaraði: Bjarni Guðmundsson

Haraldur Yngvi Pétursson fór yfir þróun markaða á árinu 2019 samanborið við 2018. Hann sagði þetta hafi verið gott hlutabréfa ár, um og yfir 30% ávöxtun, gríðarlegur munur miða við 2018. Krónan var sæmilega til friðs, grunnurinn var góður. Haraldur fór yfir ávöxtun 2019, nafnávöxtun 10,6% og raunávöxtun 7,7%. Skuldabréf sjóðsins gáfu mestan hluta ávöxtunarinnar sem og innlend og erlend hlutabréf. Ávöxtun sl. 23 ár var 3.5%. Sjóðurinn hefur verið með varfærna fjárfestingarstefnu, það hefur skilað sér í góðri ávöxtun, sagði Haraldur.

Haraldur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, hún er enn tiltölulega varfærin stefna. Það hefur verið aukið við erlendar eignir. Haraldur sagði að tilfærslan hafi verið úr ríkisskuldabréfum í erlendar eignir. Það er vegna þess að vextir á ríkisskuldabréfum eru afskaplega lágir, því er tilfærsla þar. Haraldur fór yfir 5 stærstu eignir sjóðsins og sundurliðun á innlendum hlutabréfum.

Haraldur fór yfir markaðinn sem af er ári 2020, hann sagði marga halda að ávöxtun í ár væri hörmuleg en svo er ekki, nú væri um 3% raunávöxtun hjá sjóðnum. Sú ávöxtun kemur mest úr skuldabréfum sjóðsins, sem er langstærsti eignaflokkurinn.

Haraldur sagði sjóðinn hafa byggt upp eign í erlendum gjaldeyri frá því í haust, jákvætt framlag að erlendum eigna er vegna veikingar krónunnar.

Hilmar spyr: er engin varúðarniðurfærsla vegna COVID ?

Pröstur svaraði: Nei við erum ekki með neina sérstaka niðurfærslu í ársreikningum vegna ástandsins, en við erum þar með skýringu vegna COVID og fjöllum þar um þá óvissu sem er vissulega ríkjandi. En allar eignir sjóðsins taka mið af markaðsvirði og ef staðan á mörkuðum versnar og verður óhagstæð þá mun það strax hafa áhrif á eignastöðu sjóðsins.

Ekki var um frekari umræður að ræða.

Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.

Pröstur Sigurðsson gerði grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, hann fór yfir framkvæmdina og forsendur við útreikning. Lífslíkur voru nú notaðar frá árunum 2010 til 2014. Þröstur sagði tryggingafræðileg stöðuna batna á milli ára. Þetta var fyrst og fremst gott ár hvað varðar ávöxtun, sem gerir það að verkum að staðan batnar á milli ára.

Staða sjóðsins batnar frá síðustu athugun þegar heildar staða var -1,8% og er nú 0,3%. Helstu orsakir eru mjög góð ávöxtun liðins árs, hagstæð afkoma á þróun skuldbindinga, og hagstæðari samsetning nýrra iðgjalda en var árið 2018, þar sem vægi jafnrar réttindaöflunar minnkar enn.

Hilmar spyr: Er örorkubyrðin að aukast ?

Pröstur svaraði: Nei hún er heldur lækkandi á milli ára.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tryggingafræðilega úttekt. Enginn kvaddi sér hljóðs.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Haraldur Yngvi Pétursson gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins, sem er að auki aðgengileg á heimasíðu sjóðsins. Haraldur fór yfir hlutfall hvers flokks og breytingar á milli ára. Haraldur gerði grein fyrir vikið, hver stefnan er. Hann sagði mikið svigrúm væri til að draga úr áhættu.

Már spyr: Hvað eru sérhæfar erlendar fjárfestingar?

Haraldur sagði: Sérhæfar erlendar fjárfestingar eru sambærileg fjárfesting eins og þegar að sjóðurinn fjárfesti hér innanlands eins og í HS veitum. Þetta geta t.d. verið innviðafjárfestingar eða vindmyllubúgarður í Danmörku. Aðferðin er að fara ekki bara inn í eitt verkefni, fara frekar inn í sjóð sem fjárfestir í innviðaframkvæmdum. Haraldur sagði þetta vera áhættudreifingartæki, mikil vinna lægi í að greina, en við teljum það vera þess virði.

5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins

Pröstur Sigurðsson gerði grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins. Hann fór yfir gildissvið og samkeppnissjónarmið. Engin eign sjóðsins er yfir 5%, hann ræddi aðkomu að hluthafafundum, val og kröfur til stjórnarmanna.

6. Gerð grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins

Pröstur gerði grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins, núna eru allir starfsmenn sjóðsins starfsmenn Arion banka, svo að starfskjarastefna á bara við um stjórn sjóðsins og fulltrúa í nefndum. Engar athugasemdir voru gerðar við þennan lið.

Starfskjarastefna er samþykkt af öllum fundarmönnum.

7. Stjórnarkjör og kjör nefndar um laun stjórnarmanna, samkvæmt samþykktum

Stjórnarkjör, Pröstur fór yfir tilnefningar og kjör stjórnarmanna af hálfu aðildarfélaga. Af hálfu Samtaka atvinnulífsins (SA) þá var á síðasta ársfundi Eydís Þ. Indriðadóttir skipuð til 2 ára, situr hún því til ársfundar 2021. Núna liggur fyrir skipun af hálfu SA til eins árs en Óskar Pálsson er skipaður aðalmaður í stjórn til ársfundar 2021. Þá liggur sömuleiðis fyrir skipun varamanns til næstu tveggja ára. Drífa Hjartardóttir er skipuð sem varamaður af hálfu SA í stjórn til ársfundar 2022.

Á síðasta ársfundi var Guðrún Elín Pálsdóttir kjörin sem aðalmaður í stjórn sjóðsins af hálfu Verkalýðsfélags Suðurlands til ársfundar 2021. Jafnframt var Pétur Magnússon kjörinn varamaður í stjórn til sama tíma.

Nú liggur fyrir tillaga, af hálfu Félags iðn- og tæknigreina (Fit), þess efnis að Heimir Hafsteinsson verði kjörinn í aðalstjórn sjóðsins til ársfundar 2022. Ekki komu fram aðrar tillögur og er því tillaga Fit borin upp til atkvæða.

Tillagan er samþykkt af öllum atkvæðisbærum fulltrúum verkalýðsarmsins.

Kjör í launanevnd sjóðsins til ársfundar 2021

Af hálfu verkalýðsarmsins eru tveir fulltrúar í kjöri. Liggur fyrir tillaga um Helgu Fjólu Guðnadóttur og Kristján Pálmason. *Tillagan er samþykkt af hálfu fulltrúa verkalýðsarmsins.*

Frá SA er Guðmundur Svavarsson skipaður fulltrúi í launanevnd sjóðsins.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Pröstur kynnti eina breytingu á samþykktum sjóðsins, um var að ræða lagfæringu á grein 11.5. Hún snýr að því að í ljósi aukinna möguleika á töku lífeyris þe. flýtingar og frestunar til 80 ára. Í núverandi samþykktum er kveðið á um að sjóðfélagi skuli byrja að taka út lífeyri 70 ára og það án umsóknar. Í ljósi þess aukna vals sem í boði er hvað varðar töku lífeyris þá hefur þetta skapað praktísk vandamál. Eftirfarandi breyting er því lögð hér fram :

Breyting á grein 11.5.
Núverandi

• 11.5.

– Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Greiða skal þó ellilífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn **og þá án sérstakrar umsóknar**. Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.

Verði:

• 11.5.

– Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Greiða skal ellilífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn. **Hafi sjóðfélagi þó ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar þessum viðmiðunarlífi er náð skal litið svo á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku lífeyris**. Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.

Tillagan var samþykkt af öllum atkvæðisbærum fulltrúum á fundinum.

Nýjar samþykktir munu verða sendar til Fjármála- og efnahagsráðuneytis til staðfestingar og taka gildi að því loknu.

9. Laun stjórnarmanna

Pröstur kynnti fyrirleggjandi tillöga frá launanefnd sjóðsins. Hækkun launa tekur mið af breytingu á launavísitölu, á undanfarandi 12 mánaða tímabili 4,9%. Tillaga launanefndar um laun stjórnar LR, fyrir tímabilið júní 2020 til og með maí 2021, er því eins og kemur fram hér að neðan, breytingin er **rauðlituð** :

Laun stjórnarmanna

Almenn stjórnarlaun verði kr. 90.325,- á mánuði. **Tillaga 94.751**

Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. **118.439,-** á mánuði.

Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. **142.127,-** á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. **47.376,-** fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða

10. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis

Pröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álit endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Pálína Árnadóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði endurskoðandi sjóðsins árið 2020.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

Árni spyr um iðgjald frá atvinnuveitanda og hvernig þróunin hefur verið. Þróstur sagði frá því að framlag launþega er 4% og hefur verið óbreytt um langt skeið. Framlag launagreiðenda hefur hins vegar hækkað undanfarin ár í áföngum og er nú 11,5%. Þróunin hefur verð á þá leið að jafna lífeyrисиðgjöld almenns launafólks við það sem er á hinum opinbera markaði.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður einnig birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf starfsmönnum fundarins heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21:20.

Fundarritari:

Unnur Elín Jónsdóttir

Fundarstjóri:

Heimir Hafsteinsson

Undirritunarsíða

Unnur Elín Jónsdóttir

Heimir Hafsteinsson